



# Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar I

## -byggðasöguleg fornleifarannsókn-



*Frá Fögruhlíð í Austurdal*

Guðný Zoëga  
maí 2007

**2005/63**



© Guðný Zoëga  
Byggðasafn Skagfirðinga  
Sauðárkróki  
2007/63

## Efnisyfirlit

|                             |           |
|-----------------------------|-----------|
| <b>Inngangur .....</b>      | <b>3</b>  |
| <b>Vesturdalur.....</b>     | <b>4</b>  |
| Tunga (Tungukot?) .....     | 5         |
| Fossar .....                | 8         |
| Hrísastaðir .....           | 11        |
| Miðmundarlækur.....         | 14        |
| <b>Austurdalur .....</b>    | <b>17</b> |
| Ófriðarstaðir.....          | 17        |
| Fagrabrekka.....            | 21        |
| Fagrahlíð .....             | 24        |
| <b>Aðrir staðir .....</b>   | <b>27</b> |
| Hæðarnes.....               | 27        |
| Einarsdalskot.....          | 31        |
| Grund á Öxnadalshéiði ..... | 34        |
| <b>Niðurstöður.....</b>     | <b>36</b> |
| <b>Heimildir .....</b>      | <b>39</b> |

## Listi yfir myndir

|                                                                                                                                         |    |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir staði sem rannsakaðir voru í Vesturdal.....                                                                   | 4  |
| Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir minjar í Tungu, Vesturdal.....                                                                                | 5  |
| Mynd 3. Vestursnið í vallargarð í Tungu, Vesturdal.....                                                                                 | 6  |
| Mynd 4. Austursnið í tóftarvegg á Fossum, Vesturdal.....                                                                                | 9  |
| Mynd 5. Hrásastaðir í Vesturdal, yfirlitsteikning.....                                                                                  | 11 |
| Mynd 6. Vesturnið í tóftarvegg á Hrásastöðum.....                                                                                       | 12 |
| Mynd 7. Horft til vesturs yfir Hofsa á meint bæjarstæði Miðmundarlækjar, samnefndur lækur til hægri á mynd. Ljósm. Hjalti Pálsson.....  | 14 |
| Mynd 8. Suðursnið í hruninn tóftarvegg við Miðmundarlæk.....                                                                            | 15 |
| Mynd 9. Yfirlitsmynd yfir staði sem rannsakaðir voru í Austurdal.....                                                                   | 17 |
| Mynd 10. Ófriðarstaðir í Austurdal, yfirlitsteikning.....                                                                               | 18 |
| Mynd 11. Austurnið í túngarð á Ófriðarstöðum, Austurdal.....                                                                            | 19 |
| Mynd 12. Horft til norðurs yfir bæjarstæði Fögrubrekku í Austurdal. Yngri stekkjartóft til hægri um miðja mynd. Ljósm. Guðný Zoëga..... | 21 |
| Mynd 13. Suður skammsnið í tóftarvegg, Fögrubrekku.....                                                                                 | 22 |
| Mynd 14. Bæjarstæði Fögruhlíðar í Austurdal, yfirlitsteikning.....                                                                      | 24 |
| Mynd 15. Norðursnið í tóftavegg í Fögruhlíð.....                                                                                        | 25 |
| Mynd 16. Yfirlitsmynd yfir svæðið sem var rannsakað.....                                                                                | 27 |
| Mynd 17. Yfirlitsmynd yfir Hæðarnes. Ljósm. Hjalti Pálsson.....                                                                         | 28 |
| Mynd 18. Norðursnið í tóftarvegg, Hæðarnesi, Goðdaladal.....                                                                            | 29 |
| Mynd 19. Einarsdalskot á Haukagilsheiði, yfirlitsteikning.....                                                                          | 31 |
| Mynd 20. Snið 1 í tóftarvegg, Einarsdalskoti.....                                                                                       | 33 |
| Mynd 21. Snið 2 í tóftarvegg, Einarsdalskoti.....                                                                                       | 32 |
| Mynd 22. Horft til suðvesturs yfir meint bæjarstæði Grundar á Öxnadalsheiði, bæjarhóllinn til hægri á mynd. Ljósm. Guðný Zoëga.....     | 34 |
| Mynd 23. Vestursnið í tóftarvegg, Grund, Öxnadalsheiði.....                                                                             | 35 |

## Inngangur


Í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar hefur farið fram viðamikil úttekt á fornri eyðibýggð í afdölum og á heiðunum inn af Skagafirði. Í samstarfi við Hjalta Pálsson sagnfræðing og byggðasöguritari og Þór Hjaltalín minjavörð Norðurlands Vestra tók Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga að sér að gera könnunarskurði í valda minjastaði. Ætlunin var að ákvarða aldur og e.t.v. gerð minjanna en í sumum tilfellum einnig hvort um minjar væri að ræða. Einnig tók Náttúrustofa Norðurlands vestra þátt í hluta verkefnisins þar sem starfsmaður hennar Helgi Páll Jónsson aðstoðaði við greiningu gjóskulaga en hann vann að rannsóknum vegna B.A. ritgerðar sinnar „Gjóskulög í Skagafirði“. Ennfremur greindi Magnús Sigurgeirsson gjókusýni sem tekin voru við fornbylíð Tungu í Vesturdal og fylgir skýrsla hans um greininguna sem fylgiskjal. Staðina sem urðu fyrir valinu hefur Hjalti Pálsson fundið á rannsóknarferðum sínum en hann hefur leitað uppi býli og sel sem nafngreind eru í heimildum en staðsetning þeirra hefur ekki verið þekkt.

Alls voru fimmtán könnunarskurðir teknir á tíu stöðum; Tungu/Tunguseli, Miðmundarlæk, Fossum og Hrístastöðum í Vesturdal, Ófriðarstöðum, Fögrubrekku og Fögruhlíð í Austurdal, Hæðanesi á Goðdaladal, Einarsdalskoti á Haukagilsheiði og mögulegu bæjarstæði fornbylisins Grundar á Öxnadalshéi. Einungis voru teknir minni könnunarskurðir í tóftaveggi og túngarða til að greina mögulegan aldur minjanna. Forðast var að grafa inni í tóftum þar sem það var mögulegt enda krefst slík rannsókn meiri tíma og undirbúnings en hér voru tók á.

Í Vesturdal og Austurdal hefur nú þegar farið fram viðamikil úttekt á minjum á vegum Dr. Guðrúnar Sveinbjarnardóttur sem mældi upp fornbyli og gerði könnunarskurði vegna doktorsritgerðar sinnar „Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study“. Rannsóknin sem hér um ræðir er viðbót við niðurstöður hennar en einungis var grafið í staði sem ekki eru teknir fyrir í ritgerð Guðrúnar.

Rannsóknin fór fram sumrin 2003, 2004 og 2005. Hér eftir fylgir stutt lýsing á stöðunum og þeim könnunarskurðum sem gerðir voru. Frekari lýsingar og umræðu um staðina er að finna í Byggðasögu Skagafjarðar III bindi og einnig IV bindi sem koma mun út í sumarlok 2007.

## Vesturdalur



*Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir staði sem rannsakaðir voru í Vesturdal. Loftmynd fengin af Google Earth.*

Grafið var á fjórum stöðum í Vesturdal. Fremsti (innsti) staðurinn var býlið Tunga, svo í landfræðilegri röð til norðurs Fossar, Hrístaðir og Miðmundarlækur.

Til aldursgreiningar minjanna var stuðst við gjóskulög sem fundust ofan tóftaleifa en einnig var reynt að greina gjósku í torfi í veggjum. Helstu gjóskulög sem notuð eru sem viðmið í rannsókninni voru:

1. Ljóst/gulleitt lag (oftast grafið niður að þessu lagi): Forsöguleg gjóska frá Torfajökulssvæðinu, um 3000 ára gömul.
2. Grænleit gjóska: Svokallað Landnámslag frá því um 870 e. Kr.
3. Svart þunnt gjóskulag: Svokallað Vj.~1000, lag úr eldstöð undir Vatnajökli frá
4. Ljóst gjóskulag: Gjóska frá Heklu sem féll 1104 (H1).
5. Gráblátt gjóskulag: Gjóska frá Heklu sem féll 1300.
6. Svart gjóskulag: Gjóska frá Heklu sem féll 1766.

## Tunga (Tungukot?)

65°11'07,2"N 18°51'48,0"E

Menjar um fornþýli liggja í svokölluðum Lambatungum í Vesturdal, í um 400m hæð yfir sjávarmáli. Tóftir og túngarður liggja um 4km suðaustan túns á Þorljótsstöðum í hvammi við bjargbrúnina vestan Runukvíslar (Hofsá þegar neðar dregur), til móts við fornþýli á svokölluðu Hringanesi. Túngarður liggur í boga til suðurs frá bjargbrúninni um 60m langur og beygir þar til suðausturs og er ógreinilegri á um 40-60m kafla. Garðurinn er mjög jarðsokkinn og hlaupinn í þúfur, um 2m á breidd og 30-40cm á hæð. Garðurinn umlykur dálítið túnstykki í hvamminum sem hefur afmarkast af bjargbrúninni til austurs en túngarður legið í boga vestur frá brúninni en báðir endar garðsins hafa legið fram á bjargbrúna. Ekki var þó með góðu móti

hægt að greina hvar garðurinn liggur aftur að bjargbrúninni að sunnanverðu. Nokkrum metrum austan garðs fyrir miðjum hvamminum er jarðsokkin húsatóft um 9x4-4,5m að utanmáli með dyrum til austurs á langvegg við norðurgafl. Rétt norðvestan tóftarinnar er ógreinileg þúst sem vera má að bendi á aðra tóft en frekari mannvirki var ekki hægt að greina á svæðinu. Meðfram suðurhlíð tún- eða vallagarðsins er síðan greinileg gata sem liggur inn allan Vesturdalinn, allt inn að Hraunþúfuklaustri.

Óljósar heimildir voru um býlin Tungu og Tungukot en nákvæm lega þeirra ókunn. Samkvæmt þeim lýsingum sem til eru á fornþýlum í dalnum eru þær tóftir sem hér um ræðir sennilega annar hvor þessara bæja, en staðinn fundu Hjalti Pálsson og Rósmundur Ingvarsson í rannsóknarferð

### Tunga/Tungukot?

Teikning: GZ eftir frumteikningu Hjálta Pálssonar




Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir minjar í Tungu, Vesturdal.



sem farin var vegna ritunar byggðasögunnar (Hjalti Pálsson, 2004). Um 1,2 km norðvestan tóftanna eru aðrar tóftir sem getið er sem býlisins Tungu í bók Daniels Bruun, Fortidsminder og nutidshjem på Island (1928). Dr. Guðrún Sveinbjarnardóttir gerði smávægilega fornleifakönnun á staðnum en taldi tóftina leifar sels fremur en býlis (Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1992). Útlit og lega tóftanna auk þess að engan túngarð er að finna við þær styrkir þessar hugmyndir Guðrúnar. Því er líklegra að tóftirnar sem rannsakaðar voru 2003 séu leifar fornþýlisins Tungu og vera kann að örnefnið Tungukot sé annað nafn á því býli.

Hinn 3. september 2003 var grafinn lítill könnunarskurður í vallargarðinn og var vestursnið skurðarins teiknað upp.

### Fornleifakönnun 3. september 2003



**Mynd 3. Vestursnið í vallargarð í Tungu, Vesturdal.**

Grafið var í túngarðinn norðanverðan, norðan við tóft þá sem vera kann af fornþýlinu Tungu í Vesturdal. Skurðurinn lá nálega n-s og var um 1m langur og um 50cm breiður. Á um 25cm dýpi niður frá gräsrot lá óhreyft þunnt svart gjóskulag sem ætlað er að sé frá eldstöð undir Vatnajökli frá því um 1000 e.Kr., svokallað Vj~1000 (Magnús Á. Sigurgeirsson, 2003). Neðan þessa lags var um 5cm þykkt foklag en neðan þess torf túngarðsins. Í skurðinum var greinilegt torf sem í fundust leifar svokallaðrar Landnámssgjóska sem mun vera frá um 870±2 e.Kr. Torfveggurinn var þykkastur nyrst í skurðinum um 30cm á þykkt en hrun úr garðinum liggur syðst í skurðinum um 10cm á þykkt. Um 20cm af óhreyfðum jarðlögum lágu svo beint



undir torfinu ofan á þykkri ljósri gjósku, H3 frá því um 2900 B.P<sup>1</sup> (Gunnar Ólafsson, 1985).

*Túlkun:*

Garðurinn, sem líklegast er samtíma tóftinni, er því reistur eftir að landnámsgjóskan féll en eitthvað fyrir árið 1000. Þar sem óhreyft fokmoldarlag liggur milli hruns úr veggnum í suðurenda skurðar og gjóskulagsins Vj~1000 er líklegt að veggurinn hafi eitthvað verið farinn að láta á sjá fyrir þann tíma.

---


<sup>1</sup> B.P þýðir before present og er þá miðað við árið 1950.

## Fossar

65°11'24.93"N 18°54'2,44"V

Heimildir eru til um býlið Fossa í Vesturdal en ekki var til nein nánari lýsing á staðháttnum (Hjalti Pálsson, 2004). Við rannsókn í tengslum við ritun Byggðasögunnar fannst staður um 200-300 metrum út frá Fossárgili, vestan við Hofsá þar sem Fossáin rennur í hana. Þarna er allbreiður grashjalli, hallalítill, og góð vatnsból. Hafi á þessum slóðum verið býlið Fossar er vart um annan stað að ræða

Fornbýlið Fossar í Vesturdal  
Teikning: HP, GZ



Mynd 3. Yfirlitsmynd yfir meint bæjarstæði Fossa í Vesturdal.

(Hjalti Pálsson, 2004). Staðurinn liggur í um 410m hæð, 2,3km suðsuðaustur af Þorljótsstöðum, uppi í brekkunni um 330m suður og upp af Hofsá og 250m norður af Fossá. Svæðið sem tóftirnar liggja á er sundurskorið af vatnsfarvegum og útlínur tófta því óljósari fyrir vikið.

Óljósar þúfnamyndanir eru á svæðinu og var könnunarskurður gerður í meint garðlag og vegg þeirrar þúfnamyndunar sem líklegust þótti til að vera tóft. Tveir lækir renna norðan svæðisins en tóftin sem grafið var í var á suðurbakka syðri lækjarins. Tóftin var óregluleg og hefur vatn runnið þar í gegn og myndað grunna rás. Hugsanlega má einnig greina bút af vallargarði suður og niður frá þessum stað. Fleiri líkindi til tófta eru neðar á 2-3 stöðum.

## Fornleifakönnun 8. júlí 2004


Teknir voru tveir skurðir, annar í garðlag en hinn í meinta óljósa tóft. Skurðurinn sem tekinn var í garðlagið var 1m á lengd og 50cm á breidd. Í skurðinum komu fram gjóskulögin Hekla 1104 og 1300 óhreyfð en neðan þeirra var einungis að finna rauðleitan mýrarjarðveg og engin merki torfs eða mannvistar af neinu tagi.

### Könnunarskurður 2

#### Fossar í Vesturdal

Snið í tóftarvegg

Mynd: GZ, ÞHj.



Mynd 4. Austursnið í tóftarvegg á Fossum, Vesturdal.

Tekinn var skurður í það veggjalag sem virtist greinilegast í óljósu tóftarbroti sem liggur á suðurbakka lækjar. Hann snéri nálega norður-suður, um 1,2m langur, 0,8m breiður og 2m djúpur. Torf var greinanlegt í skurðinum öllum en óvíst er hvort skurðurinn var tekinn langsum eða þvert á torfvegginn þar sem ekki var hægt að greina nákvæma legu veggjar á yfirborði. Jarðlögum hallar þó upp að upphækkun þar sem torfið er þykkast, syðst í skurðinum.

Undir grasrót eru um 5-20cm fokmoldarlag sem liggur yfir grábláleitu gjóskulagi, líklega Heklu 1300. Neðan þess er rauðleitt mýrarlag, óhreyft sem kann að tengjast vatnsaga á

svæðinu. Þetta lag er um 5-20cm á þykkt, þynnst þar sem torfbunkinn er þykkastur syðst í sniðinu. Beint undir rauðleita laginu er svo torfið. Það er um 50cm á þykkt í norður enda skurðar en 140cm í suðurenda skurðar. Í torfinu er að finna slitur af gjóskulaginu Vj~1000 og landnámslaginu svokölluðu (AD870±2). Einnig voru í lögum slitur af ljósri gjóskulagi, líklegast úr Heklu 1104. Sömu gjóskulög voru greind í sniði lækjarbakkans skammt frá tóftinni (Helgi Páll Jónsson, 2005).

Torfbunkinn liggur ofan á dökku lífrænu lagi, líklegast gömlu yfirborðslagi. Undir yfirborðslaginu er gráleitt leirlag og var þar farið að styttast í grunnvatn.

#### *Túlkun:*


Húsið hefur verið byggt eftir 1104 en er farið í eyði nokkru fyrir 1300. Ekki er hægt að greina frekar hverskonar hús um er að ræða þar sem að engin gólfög komu fram í skurðinum

## Hrísastaðir

65°11'45.48"N 18°54'30.84"

### Fornbýlið Hrísastaðir í Vesturdal

Teikning: HP, GZ



Mynd 5. Hrísastaðir í Vesturdal, yfirlitsteikning.

Daniel Bruun nefnir fyrstur manna Hrísastaði. Á svæðinu „vestan megin Hofsár segja munnmæli, að verið hafi fornbýli eitt, sem Hrísastaðir hét; engin merki þessa býlis sjást þó nú á tímum og engin veit hvar þeir hafa verið" (Daniel Bruun, 1898:bls. 60) Aðrar heimildir geta þess ekki.

Í um 350m hæð í svokölluðum Reit um 1,6km norðaustur frá Þorljótsstöðum á vesturbakka Hofsárgils eru fornar og nafnlausar húsatóftir á svolitlum höfða með litlu flatlendi, vaxið nokkru grasi en að öðru leyti þakið fjalldrapa. Þarna má sjá jarðsokknar leifar a.m.k. 4. húsatófta og

vallargarðs. Tveir lækir liggja sitt hvoru megin minjanna.

Greinilegt garðlag liggur upp með nyrðri læknum og við það má með góðum vilja greina a.m.k. tvær tóftir áfastar garðinum. Garðurinn liggur á um 20-30 m kafla upp með læknum en hann er mjög jarðsokkinn og hlaupinn í þúfur. Hann beygir svo til suðurs og liggur þar á nokkurra metra kafla en verður mjög ógreinilegur vegna runnagróðurs. Þó virðist mega greina leifar hans í boga á um 30m kafla til suðausturs. Aðstæðum svipar mjög til þess sem var við Býlið Tungu/Tungukot. Minjarnar liggja á graslendi ofan bjargbrúnar og hefur tún- eða vallargarður legið í boga vestur fyrir bjargbrúnina en hún afmarkað túnið að austan.

Hjalti Pálsson byggðasöguritari telur þennan stað líklegastan til að vera Hrístaðir þeir sem Bruun nefnir (Hjalti Pálsson, 2004). Könnunarskurður var grafinn í óglöggan vegg tóftar sem liggur áföst sunnan í túngarðinum norðanverðum.


### Fornleifakönnun 9. júlí 2005

Skurðurinn lá nálega nv-sa, um 1,3m á lengd, 0,7m breiður og 1,5m djúpur. Hann var tekinn þvert á suður langvegg tóftarinnar. Greinilegur torfveggur kom fram í skurðinum og vera kann að um tvö byggingarskeið sé að ræða.

#### Hrístaðir í Vesturdal

Snið í tóftarvegg 07.07.2004

Teikning: GZ, þHj.



Mynd 6. Vesturnið í tóftarvegg á Hrístaðum.

Vestursnið skurðarins var teiknað upp. Undir grasrót var óhreyft fokmoldarlag 8-20cm að þykkt. Undir því var 2cm þykkt blágráleitt gjóskulag, líklega Hekla 1300. Neðan þess var svo 2cm fokmoldarlag sem lá ofan á torfvegg sem greinanlegur var í sniðinu öllu. Í torfveggnum var hægt að greina allavega tvö byggingastig. Efst í veggnum er um 10-50cm þykkt torflag, þykkast fyrir miðjum skurði og mun það miðja veggjarins (efra byggingaskeiðsins). Í torfinu var að finna grágrænt og svart gjóskulag, landnámslagið svokallað ( $870\pm 2$ ), auk þunnns svarts lags, líklega Vj~1000. Í nyrðri hluta skurðarins undir torfveggnum voru leifar eldri torfveggjar. Í honum var einungis hægt að greina landnámslagið og lá hann beint ofan á ljósu þykku gjóskulagi (H3). Torfið er um 50cm á þykkt og sést á um 80cm kafla í sniðinu norðanverðu. Sunnan eldri torfveggjarins undir þeim yngri er svo rótað lag með torfflekkjum og stórum linsum af H3 gjóskunni. Neðst í því lagi var svo um 7cm þykkt dökkt, feitt mannvistarlag með timburleifum og kolum, etv. gólflag. Ekki var grafið niður fyrir það lag. Greinilegt er að grafið hefur verið í H3 lagið og því kann að vera að tóftin hafi að hluta til verið niðurgráfin. Gólflagið sem grafið var niður á bendir til að þarna hafi verið um einhverskonar íveruhús að ræða þar sem að í því fundust kolaleifar.

#### *Túlkun:*

Efsta torfið sem myndar vegginn sem sést á yfirborði tilheyrir yngra byggingarskeiði. Veggurinn hefur verið hlaðinn einhverntímann eftir aldamótin 1000 og farinn úr notkun fyrir 1300. Aftur á móti virðist annar torfveggur liggja undir honum og er þá um að ræða torf sem ekki inniheldur 1000 gjóskuna og kann því sá veggur að vera frá því áður en sú gjóska féll.



## ***Miðmundarlækur***

65°12'01.2"N 18°55'11.2"V



***Mynd 7. Horft til vesturs yfir Hofsá á mögulegt bæjarstæði Miðmundarlækjar, samnefndur lækur til hægri á mynd. Tóftin sem skurðurinn var tekinn í var þó hægra (norðan) megin lækjarins. Ljós. Hjalti Pálsson.***

Miðmundarlækur rennur um 1km suðsuðaustan Þorljótsstaða vestan Hofsárgils. Miðmundargil og Miðmundarlækur mynda daldrag suðvestur í hlíðina og hefur þar líklega verið eyktarmark frá Þorljótsstöðum. Guðrún Sveinbjarnardóttir nefnir, eftir heimildamanni, munnmælasögu um býlið Miðmundarlæk norðan við samnefndan læk (Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1992). Býlisins er hvergi getið annarsstaðar og lega þess að öðru leyti ekki þekkt.


Við rannsókn fyrir Byggðasögu Skagafjarðar voru skoðaðir þrír staðir sem álitlegir þóttu sem bæjarstæði. Teknir voru könnunarskurðir í alla þessa staði en einungis fundust leifar mannvirkis á einum þeirra. Fyrsti skurðurinn var tekinn í 335 m hæð um 120m sunnan Miðmundarlækjar og 40m suðvestan Hofsárgils. Þar eru miklar þúfur og djúpar gjótur á milli sem líklegastar þóttu sem tóftasvæði (65°11'934/18°54'820) en svæðið er að mestu þakið fjalldrapa. Tekinn var 1m langur og 50cm breiður skurður. Engin merki mannvistar fundust í skurðinum.

Annar skurður var tekinn í þýfðan móa rétt norðan smálækjar um 50m norðvestan Miðmundarlækjar, 30m vestur og upp af Hofsfárgili. Skurðurinn var 1m að lengd og 50cm á breidd en engin merki mannvistar fundust í honum.

Þriðji skurðurinn var sá eini sem gaf einhverjar niðurstöður. Hann lá í hlíðinni um 100m ofan við skurð 2 um 150m utan Miðmundarlækjar. Allt svæðið var yfirgróið hrísi og einungis var á einum stað hægt að greina þúfnamyndan sem líkleg þótti til að vera tóft. Skurður var tekinn í tóftina og fundust í honum merki um hrun úr torfvegg en engin merki eiginlegs veggjar eða gólflags.

### Fornleifakönnun 9. júlí 2004

Skurðurinn sem var tekinn var 1,7m langur, 0,7m breiður, 80cm djúpur og lá nálega austur-vestur. Suðurhlið skurðarins var teiknuð upp. Um 5cm undir grasrótinni er um 30cm löng og 2cm þykk dökkleit gjóskulinsa sem vera kann að sé Hekla 1300. Lagið liggur yfir austasta hluta torflagsins og virðist vera óhreyft. Undir gjóskunni liggur um 5cm þykkt fokmoldarlag og



Mynd 8. Suðursnið í hruninn tóftarvegg við Miðmundarlæk.

neðan þess leifar hruninna torfhnausa. Gjóskulagið fannst ekki yfir torfinu öllu. Í torfinu var að finna landnámsslagið og svo slitrur af ljósu gjóskulagi, líklega Heklu 1104. Greinilegt er að torfveggurinn hefur fallið til austurs niður brekkuna en ekki var hægt að greina veggjamynd á

yfirborði.

Torfið var um 30cm þar sem það var þykkast en undir því er 30-50cm þykkt hreyft moldarlag með mjög rótuðum jarðlögum. Vestast í skurðinum eru óhreyfð jarðlög *in situ* sem greinilega hefur verið skorið í. Neðst í skurðinum liggur landnámslagið *in situ*. Ofan þess, undir rótuðu moldinni, er um 2cm þykkt fokmoldarlag.

#### *Túlkun:*

Tóftin hefur verið reist eftir 1104 en engin gjóska er óslitin yfir öllum torfveggnum. Hinsvegar liggur um 15-20cm langt gjóskulag *in situ* um 8cm ofan við torfvegginn austast í skurðinum, líklega 1300 gjóskan. Því má leiða líkur að því að veggurinn hafi verið fallinn áður en þessi gjóska lagðist yfir en þó er erfitt að fullyrða um slíkt. Greinilegt er að þarna hefur einhver bygging staðið en ekki var unnt að áætla notkun hennar og ekki heldur að fullyrða hvort hún hefur tilheyrt býli því sem munnmælasögurnar nefna. Það er þó líklegt.

## Austurdalur



Mynd 9. Yfirlitsmynd yfir staði sem rannsakaðir voru í Austurdal. Loftmynd fengin af Google Earth.

Í Austurdal voru teknir könnunarskurðir á þremur stöðum, í túngarð á svokölluðum Ófriðarstöðum í landi Ábæjar, í tóftarvegg á Fögrubrekku í landi Nýjabæjar og í tóftarvegg fornbylisins Fögruhlíðar einnig í landi Nýjabæjar.

### Ófriðarstaðir


65°16'41,0"N 18°47'30,4"V

Býlið Ófriðarstaðir var fyrrum afbýli eða hjáleiga Ábæjar en staðarins er getið í Jarðabók Árna og Páls. Þar segir „Ófridarstader, þriðja þrælsgerði eður kanske bygð í gamalli tíð, því hér sjást húsaleifar innan garðs. Aldrei hefur hjer bygst í manna minni , og má ekki aftur byggja því túnstæði er alt í hrjóstur komið“ (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1930: 11). Daniel Bruun nefnir óljósar tóftir og að grafir úr heiðnum sið hafi fundist þar á 19. öld. Hann nefnir einnig munnmælasögu sem getur þess að á staðnum hafi farið fram orrusta eða bardagi milli Skagfirðinga og Eyfirðinga og þannig hafi staðurinn hlotið nafn sitt (Daniel Bruun, 1898). Lega

Þessara minja var þó óþekkt og Guðrún Sveinbjarnardóttir taldi sig ekki hafa fundið óbyggjandi merki býlisins (Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1992). Við byggðasögurannsókn Hjalta Pálssonar gekk hann þó fram á minjar, leifar af vallargarði og ógreinilegar tóftaleifar sem hann taldi líkleg ummerki Ófriðarstaða (Hjalte Pálsson, 2004).

## Ófriðarstaðir í Austurdal

Teikning: GZ eftir uppmælingu Sólborgar Unu Pálsdóttur



**Mynd 10. Ófriðarstaðir í Austurdal, yfirlitsteikning.**

Minjarnar liggja um 4km framan Ábæjar um 30m utan við lítinn læk. Býlið hefur staðið í dálítilli brekku austan Jökulsár austari og er svæðið vel gróið. Ummerki eru um að skriður hafi fallið úr fjallshlíðinni ofan við og var merki þess að finna í könnunarskurði.



Vegslóði liggur inn eftir hliðinni og rýfur augljósan en jarðsokkinn vallargarð vaxinn lyngi og víði. Garðurinn liggur austur-vestur um 30m upp í brekkuna ofan slóðans og um 80m niður fyrir hann. Hann beygir til suðurs bæði ofan- og neðanvert og sést á um 30m kafla. Garðurinn er allt að 2m á breidd en mjög hlaupinn í þúfur og ekki hægt að meta hæð hans. Suðurhlið garðsins er hinsvegar mjög óglögg. Efst innan túngarðsins eru ummerki tveggja mjög óglöggra og jarðsokkinna tófta. Smá tóftarupphækkun er líka fast neðan við þar sem að vegslóðinn liggur um svæðið en engin veggjalög voru þar greinanleg. Aðrar tóftir voru ekki greinanlegar innan túngarðsins.


Tekinn var einn skurður í túngarðinn um 10m ofan við vegslóðann og fylgir lýsing á jarðlögum í skurðarsniði hér eftir.

## Fornleifakönnun 7. september 2005

### Ófriðarstaðir í Austurdal

Snið í túngarðsvegg 07.09.2005

Teikning: GZ, ÞHJ.



Mynd 11. Austurnið í túngarð á Ófriðarstöðum, Austurdal.

Skurðurinn var 2,2m langur, 70cm breiður og metri á dýpt. Veggurinn er hæstur til norðurs en hefur hrun úr honum hefur fallið til suðurs. Þar sem að skriða/skriður hafa fallið á garðinn er land norðan veggjarins jafnhátt veggnum. Hægt er að grein a.m.k. tvö byggingaskeið, ef ekki þrjú í skurðinum. Undir grasrót er fókmoldarlag um 5cm ofan veggjarins í norðurenda skurðar en um 20cm í suðurendanum. Undir laginu í norðurenda skurðar er greinilegur torfveggur um 70cm á breidd og 30cm hár. Þessi veggur er hlaðinn nánast beint ofan á 1-2cm

þykkt blágrátt gjóskulag (Heklu 1300) sem liggur *in situ* eftir skurðinum endilöngum. Í þessu torfi voru líka þykkar linsur af 1300 gjóskunni. Neðan gjóskunnar er svo aftur fokmoldarlag um 5-10cm yfir torfveggnum nyrst í skurði en um 25cm syðst í skurðinum. Nyrst í skurði eru merki um aur- og grjótskriðu sem fallið hefur á vegginn einhverntímann áður en að 1300 gjóskan féll. Skriðan er um 30cm þykk og liggur yfir leifar af torfvegg sem hrunið hefur til suðurs, líklega þegar skriðan féll. Hrunið úr torfveggnum er um 1,2m langt og 40cm hátt en í honum er ljóst gjóskulag, líklega Hekla 1104. Undir skriðunni er einnig torf en í því er ekki hægt að greina 1104 gjóskuna en í því er aftur á móti í mörgum lögum þunnt svart gjóskulag, líklega Vj~1000. Þessi torfbunki er þykkastur nyrst í skurðinum um 30cm þykkur en um 15cm þykkt torflag með þessu torfi er greinanlegt neðst í skurðinum en þó sem rótað torflag syðst og fyrir miðjum skurði. Beint undir þessu torfi er svo óslitin grænleit og svört gjóskusyrpa, svokallað landnámslag.

#### *Túlkun:*

Ummerki á staðnum benda til að þarna sé um einhverskonar bústað að ræða þó að staðurinn kunni að hafa gegnt ýmsum hlutverkum í gegnum tíðina. Túngarður hefur verið hlaðinn skömmu eftir árið 1000 og hefur verið gert við hann eða hann endurhlaðinn eftir 1104. Síðan fellur aurskriða á garðinn og fellir hann. Garðurinn fellur svo úr notkun eftir það en er endurhlaðinn skömmu eftir að 1300 gjóskan féll en óvíst er hvenær býlið fer endanlega í eyði.

## **Fagrabrekka**

65°16'4,8"N 18°45'21,12"V



*Mynd 12. Horft til norðurs yfir bæjarstæði Fögrubrekku í Austurdal. Yngri stekkjartóft til hægri um miðja mynd. Ljós. Guðný Zoëga.*

Munnmælasögur eru til um býlið Fögrubrekku í Austurdal og mun það hafa verið fyrirrennari býlisins Nýjabæjar sem enn sjást tóftaleifar af á austurbakka Jökulsárinnar. Staðurinn er 6km framan Ábæjar í um 335m hæð, rúman hálfan kílómetra fram og upp af Nýjabæ, ofan við langan melbakka eða hjalla uppi á dálítilli grasbrekku. Eina tóftin sem er vel greinanleg er seinni tíma tóft sem Hjalti Pálsson telur líklega leifar stekkjara frá Nýjabæ. Tóftin liggur ofan á nokkurri upphækkun sem bendir til frekari bygginga og kann að vera að þar sé um bæjarstæðið að ræða. Hinsvegar var mikill gróður á svæðinu og ekki sáust nein veggjalög. Vera kann að jarðvegsskriður hafi að hluta eytt eða skemmt bæjarstæðið en merki slíkra skriða er að finna sunnan fyrrnefndrar stekkjartóftar (Hjalti Pálsson, 2007). Daniel Bruun telur að býlið Fagrahlíð kunni að hafa staðið „þar sem nú er kallað Fagrabrekka, en engar rústir sjást þar“ (Daniel Bruun,



1898: 65).


Á svæðinu sunnan stekkjartóftarinnar var að finna nokkrar mishæðir og þúfnakraga sem bent gátu til bygginga og var könnunarskurður tekinn þar sem veggjalag virtist greinilegast. Í skurðinum kom fram torfveggur og var suður skammsnið hans teiknað upp.

### Fornleifakönnun 7. september 2005

## Fagrabrekka í Austurdal

Snið í tóftarvegg 07.09.2005

Teikning: GZ, þHj.



Mynd 13. Suður skammsnið í tóftarvegg, Fögrubrekku.

Skurðurinn sem var tekinn var um 1m langur, 50cm breiður og 1,5m djúpur. Hann snéri nálega austur-vestur. Beint undir gräsrot var óhreyft moldarlag, um 10cm að þykkt og neðst í því lá stór steinn. Steinninn kann að hafa verið hluti af undirstöðu undan vegg en ekkert torf var sjáanlegt ofan hans sem hægt væri að tengja slíkri hleðslu. Steinninn lá hinsvegar ofan á torfvegg um 30cm þykkum og í vestursniði skurðar mátti sjá að þessi torfveggur hefur hrunið

til norðurs.

Greinilegt er að veggurinn hefur verið endurhlaðinn og í efri og yngri hluta hans var að finna Heklugjóskuna frá 1300 í þykkum linsum en einnig mátti sjá þar í flekkjum þynnra ljóst gjóskulag, Heklu 1104. Undir því torfi var svo hægt að greina eldra byggingastig, leifar torfveggjar sem var um 30cm þykkur og var hrun úr honum greinanlegt í skurðinum öllum. Í norðurenda skurðar lá Hekla 1300 óhreyfð yfir hruni úr þessum torfvegg og er um 8cm þykkt fokmoldarlag milli torfsins og gjóskunnar. Í eldra torfinu fundust slitrur af dökku gjóskulagi sem líklega tilheyrir svokallaðri Landnámssyrpu en önnur gjóskulög fundust þar ekki. Neðan eldra torflagsins var svo um 20cm rótað torf/moldarlag sem í voru flygsur af ljósu gjóskulagi, e.t.v. 1104. Neðan þess lags er svo um 15cm þykkt fokmoldarlag en undir því koma gjóskulögin 1104, Vj~1000, landnámslagið, ljóst forsögulegt gjóskulag svokallað G-lag (1800 B.P.) og neðst í skurði var svo H3 gjóskan (2900 B.P.).

#### *Túlkun:*

Ljóst er að torfveggur hefur verið reistur á staðnum eftir 1104. Veggurinn virðist svo hafa verið hruninn nokkru áður en að 1300 gjóskan féll. Síðan er endurbyggt á staðnum eftir 1300 og jafnvel síðar. Niðurstöðurnar gefa ekki til kynna hvort þarna er um mannabústað að ræða en engin gólflög fundust. Þarna hefur hinsvegar oft verið endurbyggt og því ekki ólíklegt að þarna sé í raun að finna býlið Fögrubrekku.

## Fagrahlíð


65°13'26,4"N 18°39'53,7"V

### Fagrahlíð í Austurdal

Snið í tóftarvegg

08.09.2005

Teikning: GZ eftir frumteikningu Hjálta Pálssonar



**Mynd 14. Bæjarstæði Fögruhlíðar í Austurdal, yfirlitsteikning.**

Í Jarðabók Árna og Páls er býlinu Fögruhlíð svo lýst: „Fagrahlíjd. Eyðiból fram frá Nýjabæ, hefur í auðn verið um lángan aldur, þó eru þar sýnileg byggíngarmerki, girðingar um tún og tóftaleifar. Túnstæði alt í hrjóstur komið og fyrir því örvænt að byggja, þar engin slægjulönd liggja so nærri að rækt verði á komið. Annars eru hjer hagar merkilega góðir sumar og vetur” (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1930: 65). Um 8,5km framan við Ábæ, í 350m h.y.s. og um 250m framan við Hjálmarsselslæk eru tvö gil, hið ytra algróið og miklu víðara, en syðra gilið hálfgróið. Milli þeirra er mjó tunga eða geiri, 25-30 metra breið, alþakin runnagróðri. Neðst á þessum geira niður á bakka Jökulsár er óljós og jarðsokkin tóftaþyrping og garðlag. Tóftaþyrpingin er grasivaxin og virðist mega greina um fjögur hólf í tóftinni og hefur hún verið um 10x8m að utanmáli. Um 10 m utan (norðan) tóftarinnar er óljóst jarðsokkið garðlag, að hluta á kafi í lyngi og víðirunnum. Garðlagið liggur nálega austur-vestur og er um 15m langt. Djúp gryfja er rétt norðan tóftarinnar. Jökulsáin hefur grafið í burtu tugi ef ekki hundruðir metra lands og hefur áin brotið bakkann alveg upp að tóftunum og er hann þar um 10 metra hár (Hjalti


Pálsson, 2007). Tóftasvæðið virðist að hluta horfið fram fyrir rofbakkann. Svæðið er allt þakið runnagróðri og ekki var hægt að greina túngarð eða útlínur tófta með neinni vissu.

## Fornleifakönnun 8. september 2005

### Fagrahlíð í Austurdal

Snið í tóftarvegg 08.09.2005

Teikning: GZ, þhj.



Mynd 15. Norðursnið í tóftavegg í Fögruhlíð.

Könnunarskurður var tekinn í utanverðan vegg í þeim hluta tóftarinnar sem greinilegastur var, syðst á ofangreindu tóftasvæði. Á um 40cm dýpi undir grasrót var komið niður á leifar torfveggjar. Greinilegt var að þarna var allavega um tvö byggingaskeið að ræða. Efst var um 30cm þykkur torfveggur með þykkum lögum af gráleitri gjósku, Heklu 1300. Torfveggurinn hefur hrunið að hluta til austurs. Neðst í veggnum var svo einföld grjótröð við útbrún veggjarins. Undir þessum vegg var svo rótað lag um 30cm að þykkt þar sem í voru torfslitrur og slitrur af 1104 gjóskunni. Um 4cm þykkt fokmoldarlag var svo milli þessa rótaða lags og annars eldri torfveggjar.

Merki um eldri torfvegginn er einungis að finna sem hrun í botni skurðarins. Garðurinn er greinilega hlaðinn úr klömbru og hefur fallið til vesturs. Hrunið úr eldri torfveggnum liggur undir þann yngri. Yngri veggurinn sem greindur verður á yfirborði liggur nálega norður-suður og er þvert á þann eldri sem liggur norðaustur-suðvestur þannig að ekki virðist um enduruppbyggingu að ræða. Í neðri hleðslunni er mjög greinileg grænleit gjóska sem greind

var sem Landnámslagið svokallað. Ekki var hægt að greina svörtu gjóskuna sem talin er frá því um 1000 og engin gjóska lá yfir veggjunum. Undir hruninu úr eldri torfveggnum var svo um 2-6cm þykkt gólflag, dökkt og þétt með timburleifum og koladreif. Ekki var grafið niður í gólfið eða niður fyrir það. Rótaður jarðvegur liggur ofan hrunsins úr eldri veggnum, allt að 50cm á þykkt og nær það lag upp að efri brún yngra torfveggjarins. Ofan þess, neðan grasrótar, er svo óhreyft fokmoldarlag allt að 70cm þykkt.

#### *Túlkun:*

Byggt hefur verið í Fögruhlíð líklega ekki mjög löngu eftir að landnámslagið féll þó svo að ekki sé hægt að slá því föstu að veggurinn sé frá því fyrir 1000. Gólflagið bendir til þess að þarna hafi upphaflega verið um einhverskonar íveruhús að ræða. Eftir að veggurinn hefur hrunið er ekki að sjá neina mannvist í nokkurn tíma en síðan eftir 1104 er nokkuð þykkt mannvistarlag sem efri torfveggurinn, byggður eftir 1300, er hlaðinn ofan á.

## Aðrir staðir




*Mynd 16. Yfirlitsmynd yfir svæðið sem var rannsakað. Loftmyndin er fengin á Google Earth.*

Grafnir voru könnunarskurðir á þremur stöðum utan Austur- og Vesturdala. Um var að ræða tóftir, líklega seltóftir, á svokölluðu Hæðarnesi á Goðdaladal, Einarisdalskoti á Haukagilsheiði og mögulegu bæjarstaði býlisins Grundar á Öxnadalshéiði. Umfjöllun um Hæðarnes og Einarisdalskot er að finna í Byggðasögu Skagajarðar III bindi (Hjalti Pálsson, 2004) en umfjöllun um byggð á Öxnadalshéiði verður í væntanlegu fjórða bindi Byggðasögunnar.



## Hæðarnes

65°15'29,3"N 19°04'43,2"V



*Mynd 17. Yfirlitsmynd yfir Hæðarnes. Ljós. Hjalti Pálsson.*


Frammi á miðjum Goðdaladal er á að giska 200 metra breitt nes sem gengur til austurs fram að árgili Jökulsár vestari og er þar eins og smáhöfði fremst en flatlendi er milli höfðans og brekkunnar fyrir ofan með dálitlu mýrardragi á kafla. Á þessu nesi eru fjórar tóftir með stuttu millibili þar sem hin stærsta og lengsta er nærri austast, á höfðanum þar sem hann er hæstur (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1930). Ekki er hægt að greina neinn vallargarð umhverfis þessar tóftir. Um 100m ofan og innan þessara tófta eru þúfnamyndanir sem kunna að líkjast tóftum og e.t.v. stuttu garðlagi. Mjög þýft er á svæðinu og erfitt að greina veggjalög en tekinn var skurður í meint garðlag. Syðst og efst í graslendinu, suður undir læknum sem fellur niður sunnan við Hæðarnesið er svo þriðji tóftastaðurinn. Þar eru greinilegar tóftir í grasbrekkunni á a.m.k. tveimur stöðum, annars vegar á suður á gilbarmi en hins vegar utar og ofar, uppundir melbrekkunni. Ekki gafst tóm til að aldursgreiningar á þessum tóftum.



#### Fornleifakönnun 4. september 2003

Teknir voru tveir könnunarskurðir á Hæðarnesi, annar í eina þeirra þriggja tófta sem greinilegar eru austast á nesinu, hinn í þúfnamyndanir uppi við brekkurót.

##### Könnunarskurður 1



Mynd 18. Norðursnið í tóftarvegg, Hæðarnesi, Goðdaladal.

Í skurðinum sem tekinn var í tóftina komu greinilega fram útlínur torfveggjar um 55cm undir grasrót. Gjóska frá 1300 lá óhreyfð yfir veggnum og var 10cm fokmoldarlag á milli veggjar og gjósku. Veggurinn liggur nálega ofan á gjósku sem ætluð hefur verið frá eldstöð undir Vatnajökli frá um 1000 e.Kr. en merki um þá gjósku, auk svokallaðrar landnámsgjósku er að finna í veggjatorfinu. Veggurinn var mjög skýr í sniðinu og engin merki um hrun úr honum. Hann var nálega um 50cm á hæð og um 40cm á breidd.

##### Könnunarskurður 2

Skurðurinn sem tekinn var uppi við brekkuna gaf mun óljósari upplýsingar þar sem að í honum komu fram rótuð jarðlög sem kunna að benda til mannvistar. Erfitt er þó að fullyrða

um að svo sé þar sem um mjög þýfðan mýrarjarðveg er að ræða. Þar þyrfti því að gera frekari fornleifakönnun til að ákvarða nánar hvort um tóftir sé að ræða. Hinsvegar eru greinilegar tóftir ofar við brekkuna, sunnan og ofan við fyrrnefndan tóftir frammi á nesinu, sem kunna að benda til að einhver búseta eða skemmri starfsemi hafi farið fram á síðari tímum.

#### *Túlkun:*


Tóftirnar frammi á nesinu eru nokkuð fornar, líklega byggðar ekki löngu eftir árið 1000 en komnar úr notkun nokkru fyrir árið 1300. Hugsanlega hefur þetta verið sel frá Goðdölum og langa tóftin efst á hæðinni þá kvíar en þrír selkofar vestan undir skammt frá. Suður að næsta læk eru 50-60m á að giska. Höfðinn er nokkuð vel gróinn og frá honum gengur graslendi suður og upp, en annars eru mosabúfur út frá hæðinni en nokkurt lyng og gras í hæðunum fyrir vestan en staðurinn er í um 390-400m hæð yfir sjó. Tóftir þessar eru nafnlausar og engar heimildir til um notkun þeirra.

## Einarsdalskot

65°20'14,7"N 19°30'20,28"V

### Einarsdalskot á Haukagilsheiði

Teikning: GZ eftir frumteikningu Hjalta Pálssonar



**Mynd 19. Einarsdalskot á Haukagilsheiði, yfirlitsteikning.**

Menjar býlisins Einarsdalskots liggja á Haukagilsheiði í landi Mælifells frammi á austurbrún Stafngils sem Svartá rennur um. Býlið hefur verið í 410m hæð yfir sjávarmáli. Heimild um Einarsdalskot er að finna í Jarðabókinni 1713. Þar segir: „Einarsdalskot heitir hér í staðarins landi uppá fjöllum á Tjarnargili, og sjást þar ljósar fornra byggða leifar. Um langan aldur hefur þar aldrei byggð verið, og örvænt að byggjast megi fyrir vetrarríki” (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1930: 119).


Einarsdalskot var mönnum týnt enda minjar þess orðnar svo óglöggar að auðvelt er að láta sér sjást yfir þær. Byggðasöguritari, Hjalta Pálsson, fann býlið aftur eftir ítrekaða leit. Á austurbrún Stafngils, nokkur hundruð metrum framan við mynni Einarsdalsins, myndast allbreiður grasbekkur ofan við brún gilsins og er há og brött brekka ofan og austan bekkjarins sem er í

heild sinni nokkur hundruð metra langur en fremur mjór og endar við hólaframhlaup þar sem kemur niður mynni Grundardalsins. Á norðurhluta þessa bekkjar er talsvert graslendi og eftir því miðju fellur lítill lækur sem kemur upp undan brekkunni. Þar eru minjar um býlið Einarsdalskot (Hjalti Pálsson, 2004).

Grafnir voru tveir könnunarskurðir á staðnum annar í tóft sem merkt er á uppdrætti B og hinn í tóft sem merkt er á uppdrætti F.

## Fornleifakönnun 5. september 2003

Einarsdalskot á Haukagilsheiði  
Snið 2 í tóftarvegg 05.09.2003  
Teikning: GZ, þHj.




Mynd 20. Snið 2 í tóftarvegg, Einarsskoti.

### Könnunarskurður 1

Fyrri skurðurinn var tekinn í tóft neðarlega í tóftaþyrpingunni, merkt F á meðfylgjandi teikningu. Skurðurinn snéri nálega norður-suður, var 1.m langur og 50cm breiður. Teiknað var upp vestur skammsnið skurðarins. Neðst í grasrót er að finna samfelldt svart gjóskulag, líklega Heklu 1766. Neðan þess er um 10cm fokmoldarlag niður að leifum torfveggjar. Greinanleg voru tvö byggingaskeið í veggnum. Yngra skeiðið einkennist af rauðgráleitu torfi

sem í eru þykkar linsur af gráleitu gjóskulagi, Heklu 1300 og fínu svörtu gjóskulagi, e.t.v. Vj~1000. Einnig eru óverulegar slitrur af 1104 gjóskunni. Þetta torflag er um 60cm á þykkt. Neðan þess er svo eldra byggingaskeið sem einkennist af ljósleitu torfi sem í eru gjóskulögin H1104 og Vj~1000.

### Könnunarskurður 2



Mynd 21. Snið 1 í tóftarvegg, Einarsdalskoti.

### Könnunarskurður 2

Skurður var tekinn í tóft sem merkt er B á uppdrætti af svæðinu. Skurðurinn lá nálega austur-vestur var 1,8m langur og 70cm breiður. Efst undir gráurót er samfelld svart gjóskulag, H1766. Um 10cm þykk óhreyfð fokmold er niður að grárri gjóskulagi, H1300. Um 20cm neðan þess eru svo leifar torfveggjar sem liggur næsta jafn þykkur í suðursniði skurðarins. Einungis eitt byggingaskeið er greinanlegt í veggnum en hann er úr torfi sem inniheldur grágrænleita og dökka gjósku, svokallaða Landnámssyrpu, syrpu gjóskulaga sem féll um 870 e.Kr. Einnig eru greinanleg þunn svört gjóska Vj~1000 og ljós gjóska, líklega 1104.

### Túlkun:

Erfitt er að segja nákvæmlega til um upphaf byggðar á Einarsdalskoti en það hefur þó hafist eftir að gjóskan 1104 féll og hluti tóftanna er kominn úr notkun nokkru fyrir 1300 eða á 12. eða 13.öld. Merki eru um byggð eftir 1300 en ekki er hægt að fullyrða hvort þar er um að ræða enduruppbyggingu staðarins eða áframhaldandi byggð. Býlið virðist þó komið í eyði



nokkru fyrir gjóskufallið 1766 sem stutt er af lýsingu úr jarðabók Árna og Páls (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1930).

## **Grund á Öxnadalsheiði**

65°28'12,3" 18°45'41,04"V




*Mynd 22. Horft til suðvesturs yfir meint bæjarstæði Grundar á Öxnadalsheiði, meintur bæjarhóll til hægri á mynd. Ljós. Guðný Zoëga.*

Minjar fornbylis er að norðarlega á Öxnadalsheiðinni, nokkur hundruð metrum áður en komið er að Grjótá, skammt ofan við gamla veginn upp við brekkurætur. Byggðasöguritari Hjalti Pálsson telur að þar sé um að ræða fornbylið Grund sem þekkt er af munnmælasögum. Sjáanlegur er 60-80 metra langur garður sem liggur eftir brekkunni endilangri en jarðvegur hefur sigið úr brekkunni að garðinum þannig að hann myndar stall í brekkuna. Upp við garðinn austanverðan er áföst húsatóft, 10 metra löng en mjó og garðurinn önnur langhlið hans. Nokkrir aðrir staðir geyma að öllum líkindum húsarústir þótt þeirra sjáist ekki skýr merki. Fyrst er að telja dálítinn

hól eða upphækkun, kannski á lækjarbakka sem verið gæti bæjarhóll. Um 30m norðan hennar er óljós ferköntuð tóft e.t.v. rétt einhverskonar. Tveir könnunarskurðir voru teknir á staðnum, annar í meintan bæjarhól en hinn í tóftarvegg réttarinnar. Engin merki mannvistar fundust í fyrri skurðinum en í skurðinum sem tekinn var í réttarvegginn kom fram torfveggur.

### Fornleifakönnun 1. ágúst 2005

"Grund" á Öxnadal  
Snið í tóftarvegg 01.07.2005  
Teikning: GZ, ÞHj.



Mynd 23. Vestursnið í tóftarvegg, Grund, Öxnadalshéiði.

Skurðurinn sem tekinn var í mögulega réttartóft var 2m langur, 1 m breiður, 1m djúpur og snéri nálega norður-suður. Neðst í grasrót kom fram dökkt gjóskulag, e.t.v. Hekla 1766. Undir gjóskulaginu var svo um 30cm jarðvegsþykknun niður að torfvegg. Í veggnum eru leifar grænleitu landnámsgjósunnar, auk þess sem í honum er flekkir af svartri gjósku, líklega Vj~1000. Veggurinn er þykkastur nyrst í skurðinum um 30-40cm á þykkt. Hrun úr honum liggur svo til austurs sniðinu öllu, um 20cm á þykkt. Torfveggurinn liggur beint ofan á 30cm þykkri grjót og aurskiðu sem liggur ofan á landnámslaginu svokölluðu. Það liggur óhreyft neðst í skurðinum.

### Túlkun:

Það virðist ljóst að veggurinn er frá því eftir að 1000 lagið féll en ekki er hægt að afmarka aldurinn fremur en svo að 1766 gjóskan liggur yfir garðinum. Engin merki sáust um 1300 gjóskuna. Tilvist vallargarðs og umhverfi staðarins kunna að benda til að þarna hafi verið býli. Engin merki fundust þó sem staðfesta það með óbyggjandi hætti en augljóst var að



skriðuhætt hefur verið á staðnum og e.t.v. hafa minjarnar horfið að nokkru leyti vegna skriðufalla.

## Niðurstöður

Alls voru grafnir fimmtán könnunarskurðir í fornleifar á tíu stöðum í inndölum og heiðum Skagafjarðar í tengslum við rannsóknir Hjalta Pálssonar vegna ritunar Byggðasögu Skagafjarðar. Um var að ræða staði í Vesturdal, Austurdal, Öxnadalsheiði, Goðdaladal og Haukagilsheiði. Markmið rannsóknarinnar var að ákvarða hvort og hvernig minjar um var að ræða auk þess sem reynt var að ráða í aldur þeirra. Allir skurðirnir voru teknir með það að augnmiði að reyna að tímasetja minjarnar án þess að valda miklu jarðraski eða skemmdum á þeim. Því voru skurðirnir, eftir því sem tók voru á, teknir í túngarðsveggi og útveggi tófta. Niðurstöðurnar eru mikilvæg viðbót við rannsóknir Guðrúnar Sveinbjarnardóttur í Austur- og Vesturdal og bæta miklu við fyrirbyggjandi þekkingu á búsetusögu héraðsins.

Allir þeir staðir sem hér um ræðir eru samkvæmt munnmælum eða ritheimildum býli, utan Hæðarness en engar heimildir eru til um byggð þar. Eiginleg staðsetning býlanna er ekki kunn og nöfn staðanna sem notuð eru hér eru í samræmi við ályktanir Hjalta Pálssonar út frá ritheimildum og vettvangsrannsóknum hans. Einungis var hægt að staðfesta að um mannbústað væri að ræða á tveimur stöðum, Hríststöðum í Vesturdal og Fögruhlíð í Austurdal en þar var komið niður á kolablönduð gólflög við uppgröftinn. Minjar voru of jarðsokknar og óljósar á þremur stöðum til að hægt væri að greina hverskyns fornleifar um var að ræða, Miðmundarlæk og Fossum í Vesturdal og Fögrubrekku í Austurdal.

Tún- eða vallargarðar voru almennt ekki umhverfis sel eða beitarhús en oft eru seinni tíma sel, stekkir eða beitarhús byggð ofan á fornum bæjarleifum auk þess sem býli byggðust stundum upp á fornum selstöðvum. Tilvist tún- eða vallargarða er því nokkuð örugg vísbending um að búið hafi verið, til lengri eða skemmri tíma á stöðunum. Á flestum staðanna benda túngarðar og tóftir til þess að þar hafi verið einhverskonar býli eða útbú. Þó hefur á þeim flestum verið um minniháttar búskap að ræða sem hefur byggst meira á beitarmöguleikum en jarðrækt.

Hversu lengi hefur verið búið á sumum þessara staða er erfitt að fullyrða en þó má víða sjá merki endurbygginga. Vallar- eða túngarða var að finna á fimm staðanna, Tungu og

Hrísastöðum í Vesturdal, Ófriðarstöðum og Fögruhlíð í Austurdal auk hins meinta fornbylis sem grafið var í á Öxnadalshéið. Ekki var hægt að staðfesta að áætlað garðlag sem rannsakað var á Fossum væri manngert en þar hafa miklar vatnsskemmdir orðið á svæðinu og því ekki ólíklegt að minjar þar hafi orðið fyrir allnokkrum skemmdum af þeim völdum.

Einungis fundust merki um hleðslugrjót á tveimur staðanna í Austurdal, í vegg sem reistur var eftir 1300 í Fögruhlíð og hleðslugrjót fannst ofan á vegg sem reistur var eftir 1300 á Fögrubrekku. Annars virðast veggir hafa að mestu verið hlaðnir úr torfi

Á einum staðanna, Tungu í Vesturdal, var að finna óyggjandi merki um byggð frá því fyrir árið 1000 (eða þar um bil, gjóskulagið Vj~1000 er frá því um 1000 en nákvæmari aldur á því er ekki þekktur). Í könnunarskurðum sem teknir voru á Hrísastöðum og Fossum í Vesturdal, Ófriðarstöðum og Fögruhlíð í Austurdal og Hæðarnesi á Goðdaladal og Grund á Öxnadal komu fram möguleg merki um byggð frá því fyrir 1104 þó ekki sé hægt að fullyrða um slíkt. Á öllum fjórum stöðunum sem rannsakaðir voru í Vesturdal eru merki um að þeir hafi verið komnir úr notkun áður en að 1300 gjóskan féll. Sama er að segja um Hæðarnes. Hinsvegar eru merki um endurbyggingu skömmu eftir að 1300 gjóskan féll á öllum þremur stöðunum sem grafnir voru í Austurdal auk Einarsdalskots. Með samanburði við rannsóknarniðurstöður Guðrúnar Sveinbjarnardóttur er greinilegt að byggð hefur fyrr farið í eyði í Vesturdal og kunna að vera ýmsar ástæður fyrir því svo sem hærri staða yfir sjávarmáli, erfiðari samgöngur eða landeyðing. Einnig kunna að spila þar inn í ýmsir félagslegir og pólitískir þættir.

Minjaumhverfi dala og heiða í innsveitum Skagafjarðar er margbrotið og segir mikla sögu um lífsbaráttu og landnytjar fyrri alda. Þessar hrjóstrugu eyðibyggðir eru mikilvægt rannsóknarefni þar sem að þær segja sögu elstu byggðar í héraðinu, gefa hugmyndir um breyttar landnytjar og búhætti aukinheldur sem seinni tíma endurbyggingar eða framkvæmdir hafa ekki skaðað þar jarðlæg mannvistarlög eða breytt ásjón staðanna. Frekari og stærri rannsóknir gætu gefið til kynna hverskyns byggð er um að ræða, hvort um er að ræða skemmri eða lengri búsetu, gefið gleggri mynd af búsetuþróun og samspil ýmissa umhverfisþátta í tengslum við þá þróun.

Nánari lýsingu og umræðu um staðina er í Byggðasögu Skagafjarðar III. bindi og í IV bindi

sem kemur út á haustdögum 2007. Ætlunin er að frekari rannsóknir fari fram á stöðum tengdum byggðasögurannsóknunum og mun á þann hátt skapast heildstæð þekking á búsetu og menningarlandslagi Skagafjarðar.

## Heimildir


- Daniel Bruun (1898). Nokkurar eyðibygðir: í Árnessýslu, Skagafjarðardölum og Bárðardal. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 47-77.
- Daniel Bruun (1928). *Fortidminder og nutidshjem på Island*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir (1992). *Farm abandonment in medieval and post-medieval Iceland: an interdisciplinary study*. Oxford: Oxbow books.
- Gunnar Ólafsson (1985). *Gjóskulög í Austurdal og Vesturdal, Skagafirði*. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Helgi Páll Jónsson (2005). *Gjóskulög í Skagafirði*. Háskóli Íslands, Sauðárkrókur.
- Hjalti Pálsson (2007). Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi. Akrahreppur (handrit). Sögufélag Skagafirðinga.
- Hjalti Pálsson (ritstj.) (2004). *Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi. Lýtingsstaðahreppur. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagafirðinga*.
- Magnús Á. Sigurgeirsson (2003). *Fornleifarannsókn við fornþýlið Tungu/Tungukot í Vesturdal, Skagafirði - gjóskulagagreining*. Reykjavík.
- Árni Magnússon, & Páll Vídalín (1930). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX bindi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

# Fylgiskjöl

# Tunga í Vesturdal

Snið í túngaröð 07.07.2004

Telkning: GZ, ÞHj.



Grasrót



Fokmold




Torf sem í er svokallað Landnámslag sem féll 871 +/- 2 e.Kr.



Gjósukulag sem greint var sem lag úr Vatnajökli frá því um 1000 e.Kr.



Óhreyft




Forsöguleg gjóska (H3)



# Fossar í Vesturdal

Snið í tóftarvegg


Mynd: GZ, ÞHj.



Grasrót



Óhreyfð fokmold



Jarðvegur með nokkrum mýrarrauða.



Torf sem í er svokallað Landnámslag sem féll 871 +/- 2 e.Kr. Einnig slitur úr þunnu svörtu gjóskulagi, líkega Vj.1000.



Blágrátt gjóskulag, líklega Hekla 1300.




Gráleitt leirlag. 1cm. Þykkt dökkt lífrænt lag liggur milli leirlagsins og torfveggjarins



# Hrísastaðir í Vesturdal

Snið í tóftarvegg 07.07.2004

Teikning: GZ, ÞHj.



Grasrót



Öhreyfð fokmold



Rótað lag með stórum linsum af  
H3 gjóskunni



Mjög dökkt og feitt mannvistarlag  
með nokkrum viðaleifum, líklega  
gólfslag



Torf sem í er svokallað Landnámslag sem  
féll 871 +/- 2 e.Kr. Einnig slitur úr þunnu  
svörtu gjóskulagi, líklega Vj.1000



Blágrátt gjóskulag, líklega Hekla 1300



Torfmassi sem liggur beint ofan á H3  
gjóskunni. Landnámslagið greini-  
legt í mörgum lögum en engin önnur gjóska




Forsöguleg Heklugjóska, H3

# Miðmundarlækur í Vesturdal

Snið í tóftarvegg 07.07.2004

Teikning: GZ, ÞHj.



Grasrót



Óhreyfð fokmold



Rótað lag



Landnámslagið *in situ*



Torf sem í er svokallað Landnámslag sem féll 871 +/- 2 e.Kr. Auk þess eru flygsur úr ljósu gjóskulagi, líklega Heklu 1104



Blágrátt gjóskulag, líklega Hekla 1300




Óhreyft



# Ófriðarstaðir í Austurdal

Snið í túngarðsvegg 07.09.2005


Teikning: GZ, ÞHj.



# Fagrabrekka í Austurdal

Snið í tóftarvegg 07.09.2005

Teikning: GZ, ÞHj.



Gräsrot



Steinn



Rótað torflag



Gjóskulag, Hekla 1104



Landnámsslagið



Torf sem í eru greinileg gjóskulög, ljóst lag líklega Hekla 1104 og mikið af blágrárrí gjósku líklega Heklu 1300



Torfveggur sem í var slitur af gjósku, líklega hluta af svokallaðri landnámssyrpu



Óhreyfð folk mold



Gjóskulag, Vj. 1000.




Forsöguleg Heklugjóska, H3.

10 50cm

# Fagrahlíð í Austurdal

Snið í tóftarvegg 08.09.2005

Teikning: GZ, Þhj.



Grasrót



Óhreyfð fokmold



Rótað lag með torfflygsum, koladreif, linsum af Landnámslaginu og líklega Heklu 1104



Dökk þétt gólfag með timburleifum og kolum. Um 2-6cm á þykkt



Torf sem í eru þykkar linsur af gráleitri gjósku líklega Heklu 1300



Steinn




Hruninn torfveggur sem í eru þykk lög af grágrænni gjósku, Landnámslaginu.




# Hæðarnes á Goðdaladal

## Yfirlits- og sniðteikning

Teikning: GZ, ÞH



## Snið A






# Einarsdalskot á Haukagilsheiði

Snið 2 í tóftarvegg 05.09.2003

Teikning: GZ, PHj.

SSV NNA



Grasrót



Fokmold, óhreyfð



Svart gjóskulag, líklega  
Hekla 1766



Torf sem í er mikið af blágrárrí  
gjósku, Heklu 1300 og ljósleitri  
gjósku líklega Heklu 1104



Torfveggur sem í eru gjóskulögin  
Vj. 1000 og Hekla 1104 og slitrur af gulu  
gjóskulagi, líklega svokallaðri H3 gjósku




25

50CM

# Einarsdalskot á Haukagilsheiði

Snið 1 í tóftarvegg 05.09.2003

Teikning: GZ, PHj.



Grasrót



Fokmold



Svart gjóskulag, líklega  
Hekla 1766



Blágrátt gjóskulag, líklega  
Hekla 1300



Torfveggur sem í eru gjóskulögin  
Vj. 1000 og Hekla 1104




Forsöguleg Heklugjóska, H3



# "Grund" á Öxnadal

Snið í tóftarvegg 01.07.2005

Teikning: GZ, ÞHj.





## Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga:

### 1 Villinganesvirkjun – Mat á umhverfisáhrifum.

Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfringsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.

### 2 Hof í Hjaltadal – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.

### 3 Hólar í Hjaltadal – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.

### 4 Steinsstaðir í Tungusveit – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.

### 5 Grafarós og Hofsóls – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.

### 6 Víðimelur í Skagafirði – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.

### 7 Reykjarhóll í Skagafirði. Fornleifaskráning vegna frístundabygðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.

### 8 Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal.

Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.

### 9 Fornleifaskráning á Hveravöllum vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.

### 10 Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.

### 11 Glaumbær. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.

### 12 Rannsókn á torf- og grjóthléðsluleifum í Skagafirði.

Arna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.

### 13 Höfði á Höfðaströnd. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna samarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.

### 14 Hátún og Mikligarður. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.

### 15 Syðra-Skórðugil. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.

### 16 Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað. Guðný Zoëga júlí 2003.

### 17 Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfstaða, Bakka og Hof í Vatnsdal. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.

### 18 Kirkjugarður í Keldudal Hegranses. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.

### 19 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlöð. Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.

### 20 Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Faskrúðsfirði. Guðný Zoëga október 2003.

### 21 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.

### 22 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

### 23 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjávarborg, Tjarnir, Lambagerði, Skogarbakki, Grænhóll. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

### 24 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

### 25 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

### 26 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaði. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

### 27 Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.

### 28 Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.

### 29 Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.

### 30 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum. Guðný Zoëga, mars 2004.

### 31 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.

### 32 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi. Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.

### 33 Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranses. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.

### 34 Hallormsstaður og nágrenni. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.

### 35 Hálsþorp í Djúpavogshreppi. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.

### 36 Neðri-Ás í Hjaltadal. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.

### 37 Vopnafjörður. Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.

### 38 Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði. Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skórðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.

### 39 Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ. Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.

### 40 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ. Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner, febrúar 2005.

### 41 Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.

### 42 Sauði í Borgarsveit. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.

### 43 Steinsstaðir í Hafnarfirði /Hamarsbraut 17. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir, ágúst 2005.

### 44 Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrutafjarðar. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, október 2005.

### 45 Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranses. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2005.

### 46 Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi. Guðný Zoëga, október 2005.

### 47 Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, desember 2005.

### 48. Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrutafjarðar. Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, febrúar 2006.

### 49. Fornleifaskrá Reynistaðar. Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.

### 50. Fornleifaskrá Þingeyra. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.

### 51. Fornleifaskráning á Langholti II. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson Guðný Zoëga, apríl 2006.

### 52. Greining mannabeina af Vestdalsheiði. Guðný Zoëga, ágúst 2006.

### 53. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise og Margrét Hallmundsdóttir, september 2006.

### 54. Fornleifakönnun á Grenjadarstað í Aðaldal. Guðný Zoëga, september 2006.

### 55. Fornleifakönnun við Staðará, Skagafirði. Áfangaskýrsla. Guðný Zoëga, september 2006.

### 56. Who were the people of Keldudalur? A status report on aDNA studies on skeletons from Keldudalur. Margrét Ásta Kristinsdóttir og Jørgen Dissing, september 2006.

### 57. Fornleifaskráning Skálaness í Seyðisfirði. Áfangaskýrsla. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2006.

### 58. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum í Skógum í Fnjóskadal. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2006.

### 59. Fornleifakönnun á Hvanneyri, Siglufirði. Guðný Zoëga, desember 2006.

### 60. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Kirkjuhvammi, Hvammstanga. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, janúar 2007.

### 61. Fornmeinafræðileg rannsókn á fimm beinagrindum úr klausturkirkjugarðinum á Skriðu. Guðný Zoëga, febrúar 2007.

### 62. Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, apríl 2007.

### 63. Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar I. Byggðasöguleg fornleifarannsókn. Guðný Zoëga, maí, 2007.